

1873.

27. maí.

heim aptur til nýrrar og löglegrí meðferðar, eigi dæmt þeim málafærslumönnum við réttinn, Jóni Guðmundssyni og Páli Melsted, sem eptir skipun sóktu málin, nein málafærslulaun. Með því nú þessi mál eigi aptur koma til yfirréttarins, sökum þess að vesturamtíð hefir úrskurðað um tvö þeirra eptir tilmælum hinna ákærðu, en þriðja málinu, sem aptur er dæmt við undirréttninn, verður eigi áfryjað að nýju, hafa fyrnefndir málafærslumenn sókt um, að hvorjum þeirra verði borgað úr jafnaðarsjóðnum fyrir málfærslu í tveimur málunum jafnmikið og venjuleg málafærslulaun eru í opinberum málum, sem eru 5 rd., og málafærslumanni Jóni Guðmundssyni ennfremur 5 rd. fyrir þriðja málið, en organleikari Pétur Guðjohnsen, sem skipaður var sakar verjandi, hefir ennþá ekki krafizt launa. Þar-
eð amtmaður álitur, að sèr sè eigi bært að greiða tæð málafærslulaun uppá sitt eindæmi, hefir hann samkvæmt kansellibræfi 2. apríl 1836 í bræfi til dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 8. febrúarm. þ. á., stungið uppá, að málafærslulaun þau, sem málafærslumennirnir Jón Guðmundsson og Páll Melsted hafa gjört tilkall til fyrir tæð mál, verði borguð þeim úr jafnaðarsjóði amtsins, og að organleikara Pètri Guðjohnsen verði veitt hinn sömu málafærslulaun fyrir það mál, sem hann var skipaður í, ef hann krefst þess.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það amtmanninum yfir suður- og vesturumdæmi Íslands, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungu þessa.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um afgang af klausturjörðunni Vatnsenda.

27. maí.

Í bræfi 5. desbr. f. á. hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands mælt til að stjórnarráðið samþykki, að hann samkvæmt tillögum hlutaðeiganda umboðsmanns hefir leyft, að landsetinn, sem nú er á jörðunni Vatnsenda undir Múnkaþverárklosturs gózi, Einar Erlendsson, framvegis í næstu 5 ár megi

1873.
27. maí.

sitja á jörðunni fyrir það afgjald, sem ákveðið var með úrskurði dómsmálastjórnarinnar 14. janúar 1867, en þá var það fært niður frá 180 til 120 álna fyrir 5 ár frá fardögum 1866, sökum þess að jörðin hafði orðið fyrir skemmdum af skriðum og vatnsflóði; samt skuli tilraun gjörð til þess, að fá aptur hið sama afgjaldið, sem það var upphaflega, ef jörðin losnar innan fyrnefndra 5 ára.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að eptir málavöxtum má það standa, sem gjört er í þessu máli.

27. maí.

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um jarðabætur á klausturjörðu.

Í bréfi, dagsettu 4. desbrm. f. á., hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu stungið uppá, að leiguliðanum á jörðunni Miðhúsum, sem heyrir undir Þingeyraklausturs góz, Helga Helgasyni, verði veitt 50 rd. verðlaun fyrir talsverðar jarðabætur, sem hann hefir gjört á tæðri jörðu, en sem jafnframt hafa verið undirrót til þess, að hann hefir komizt í 70 rd. 80 sk. skuld við umboðið fyrir ógoldið afgjald, og skuli 25 rd. greiddir af búnaðarsjóði norður- og austuramtsins og jafnmikið af umboðssjóðunum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, samt þannig, að fyrnefndir 50 rd. komi upp í fyrnefnda afgjaldsskuld til umboðssjóðsins.